



**331. Stjórnarfundur haldinn 7. apríl 2009 kl:17:05**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, og Bjarney.**

**1. Fundagerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

**2. Innkominn bréf.**

Afrit af skýrslu v/ íþróttaslys/ fimleikar.

Bréf frá UMFÍ v/ kvikmyndar um landsmót UMFÍ í 100 ár.

Tölvupóstur frá Skilanevnd Glitnis þar sem bent er á að Glitnir eigi engin húsgögn né tölvur á lager, öll húsgögn og tæki urðu eftir hjá Íslandsbanka.

Skinfaxi.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ samráðsfundar 9. – 10. maí.

EH las svar frá Líney framkvæmdastjóra ÍSÍ sem kom frá Hreiðari Eiríkssyni lögfræðingi Útlendingarstofnunar varðandi atvinnu og dvalarleyfi íþróttamanna v/ ábyrgðar aðalstjórnar.

**3. Send bréf.**

Bréf sent á skilanevndir Landsbanka Íslands, Glitnir og Kaupþings með ósk um húsgögn og tölvur.

**4. Íþrótt- og leikjaskóli.**

EH fór yfir ráðningu á stafsfólki og ráðningarsamning þeirra. Rut Sigurðardóttir og Sæunn Sæmundsdóttir voru ráðnar.

**5. 17.júní.**

EH sagði frá fundi sem hann átti með framkvæmdastjóra UMFN Brynju Vigdísi Þorsteinsdóttur v/ væntanlegs samnings við menningarráð RNB. Skipað var í 17. júnínefnd félagsins þá EH, KG og SA

**6. 80 ára afmæli félagsins.**

Umræður um afmæli félagsins. EH falið að fá prufu af könnu með logói félagsins og skoða ýmsa aðra hluti. Áfram verður unnið að undirbúningi.

**7. Önnur mál.**

Rætt um landsmótin. Rætt um skil inn til ÍSÍ í gegnum Felix félagakerfi. Umræður um innstæður félagsins í bankastofnunum og tryggingar á bakvið þær. Ákveðið að halda reikningum og innstæðum óbreyttum í þeim bankastofnunum sem félagið á í viðskiptum við.

Næsti fundur 21.04'09 kl.17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20  
Fundinn ritaði SG

